

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022**  
**vegna Grásteins, íbúðarsvæði Í13.**

Skipulagsstofnun staðfesti 15. maí 2020 óverulega breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn 30. janúar 2020.

Í breytingunni felst að á íbúðarsvæðinu Grásteinn (Í13) er lóðum fjölgað úr 5 í 10 og íbúðum úr 5 í 16 þar sem gert verður ráð fyrir bæði parhúsum og einbýlishúsum á svæðinu, sem áfram er 5 ha.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 15. maí 2020.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

B-deild – Útgáfud.: 19. maí 2020